

## //Á döfinni//

### ...:Vorpróf:...:

Vorpróf byrja föstudaginn 17.maí og lýkur fimmtudaginn 23.maí. Alla prófdaga er keyrt heim kl. 13:25.



### ...:Vordagur:...:

**Föstudaginn 24. maí** fögnum við vori í skólanum og þá spreyta nemendur í 5. - 9. bekk sig á skemmtilegum stöðvum bæði inni og úti. Nemendur í 1.- 4. bekk munu einnig koma til með að eiga skemmtilegan dag með umsjónarkennurum sínum. Skólabílarnir aka heim kl.13:25.

### ...:Umhverfisdagur:...:

**Mánudaginn 27. maí** verður umhverfisdagur hjá 5.- 9. bekk, frá **kl. 8:30 til 12:30**. Þann dag eru nemendur í 1. - 4. bekk ekki í skólanum.

Þennan dag hreinsum við beð, þrífum glugga og berum á timbur svo eitt-hvað sé nefnt.

Í hádeginu verður venju samkvæmt grillveisla.

Nauðsynlegt er að nemendur komi í vinnufötum sem henta fyrir ofangreind verkefni.



## // Fréttir frá Laugalandsskóla//

### ...: Stóra upplestrarkeppnin ...:



Frá því 16. nóvember sl. hafa nemendur í 7. bekk um allt land æft sig fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Tveir til þrír fulltrúar eru valdir úr hverjum skóla til að taka þátt í lokakeppni. Þeir einstaklingar sem voru valdir til að taka þátt fyrir hönd Laugalandsskóla eru: Guðlaug Birta Davíðsdóttir, Sunna Hlín Borgþórsdóttir og Snærós Glóey Kristófersdóttir til vara.


Lokakeppnin fyrir skólana í Rangárþingi, Skaftafells-sýslu og Vestmannaeyjum var haldin á Hvolsvelli mánudaginn 8. apríl sl. Þær Guðlaug Birta og Sunna Hlín

stóðu sig mjög vel og varð Sunna Hlín í 3. sæti. Við óskum þeim innilega til hamingju með góðan árangur.



### ...: Þjóðleikur ...:

Eftir áramótin hóf leiklistarvalið undirbúning að þátttöku í Þjóðleik. Þjóðleikur er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og leiklistarhópa/leikfélaga á landsbyggðinni. Markmið Þjóðleiks er meðal annars að efla áhuga ungs fólks á leiklist og tengja Þjóðleikhúsið landsbyggðinni. Verkefnið var fyrst sett á laggirnar veturinn 2008-2009 og hefur verið haldið annað hvert ár síðan þá. Í ár tók leiklistarval Laugalandsskóla þátt í verkefninu og setti á svið leikritið *Dúkkulísa* eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Backmann. Sýndar voru fimm sýningar, þrjár á Laugalandi og tvær í Hveragerði. Óhætt er að segja að leikhópurinn hafi staðið sig með miklum sóma og það er augljóslega mikil gróska í leiklistinni hér á Laugalandi og spennandi tímar frammundan.



### ...: Árshátíð skólans ...:

Árshátíð skólans var haldin þann 5. apríl síðastliðinn og fór vel fram að viðstöddu fjölmenni. Allir bekkir skólans höfðu undirbúið leikrit sem þeir sýndu á sviði, fyrir utan 10. bekkinn sem hélt utan um sviðsmyndina, ljósin og kynntu atriðin á svið. Auk þess sýndi leiklistarvalið frumsamið leikverk og tónlistarvalið tók nokkur vel valin lög. Þemað að þessu sinni var álfar og tröll ásamt fleiru. Sviðsmynd og búningar voru í höndum umsjónarkennara. Að leiksýningu lokinni var kjúklingasúpa ásamt flottum hnallþórum í íþróttahúsinu, foreldrar útskrifanemenda sáu um veitingar ásamt matráði og nemendum úr heimilisfræðivali.



Við þökkum þeim sem og áhorfendum kærlega fyrir komuna og gleðjumst yfir frá-bærri frammistöðu nemenda okkar.



## Myndasýrpa frá árshátíð 2019



### ...: Fornleifaskólinn í Odda ...:



Mánudaginn 13. maí fóru nemendur 7. bekkjar Laugalandsskóla í Fornleifaskóla barnanna sem staðsettur er í Odda á Rangárvöllum. Þar tóku þeir fornleifafræðingar á móti þeim sem byrjuðu á að sýna stutt kynningarmyndband um fornleifar og rannsóknir á þeim. Síðan var krökkunum skipt í þrjá hópa og fékk hver hópur að prófa þrjár mismunandi stöðvar. Krakkarnir gengu í störf fornleifafræðinga og kynntust þannig störfum þeirra. Þrátt fyrir rok og nokkra rigningu komu allir alsælir heim eftir góðan dag.



### ...: Samvinna með Helluskóla ...:

Þriðjudaginn 7. maí voru Samvinnudagar Hellsu- og Laugalandsskóla. Að þessu sinni komu nemendur í 5. og 6. bekk Helluskóla í heimsókn til okkar ásamt umsjónarkennurum sínum, þeim Dóru og Mögdu. Á dagskrá var málefni sem er ofarlega á baugi í heiminum – yfirvofandi umhverfisvá vegna hnattrænnar hlýnunar. Fyrst horfðum við á þátt úr þáttaröð RÚV um þetta efni inni í skólastofu. Síðan fórum við út og gróðursettum 10 birkihríslur í næsta nágrenni við skólann. Gróðursetningin var hugsuð sem táknrænn gjörningur til að undirstrika mikilvægi þess að bregðast skjótt og markvisst við þeirri ógn sem steðjar að okkur og lífríki jarðar. Að athöfninni lokinni fengu krakkarnir frjálsa stund fram að hádegis- mat og síðan aftur að máltíð lokinni þangað til gestir okkar sneru heim á leið um tólfleytið. Veðurguðirnir brostu við okkur í blíðskaparveðri.



### ...: Ævar vísindamaður...:



Miðvikudaginn 7. maí kom Ævar Þór Benediktsson betur þekktur sem Ævar Vísindamaður í heimsókn til okkar. Allir nemendur komu sér fyrir í sal skólans á meðan Ævar talaði við þá, svaraði spurningum og sagði frá sér. Hann kom einnig á óvart og las upp úr nýjustu bók sinni sem kemur út í sumar. Nemendur Laugalandsskóla eru fyrsti hópurinn sem fær að heyra brot úr henni. Ævar fékk mjög góðar viðtökur frá krökkunum sem fengu að spyrja hann spurninga um allt frá uppáhalds fótþoltaliðinu til ástæðu þess að hann gerðist rithöfundur. Að lokinni stund inni á



sal buðu nemendur í 3. og 4. bekk honum, ásamt 1., 2., 5. og 6. bekk, inn í stofuna sína þar sem þeir sýndu stuttmyndir sem þeir hafa nýlengi tökum á. Auk þess höfðu nokkrir nemendur bakað grænar kökur og útbúið græna drykki (einhver hafði lesið sér til um uppáhaldslistur Ævars væri grænn). Heimsóknin var afar vel heppnuð og þökkum við Ævari kærlega fyrir komuna. Fleiri myndir má finna á heimasíðunni.



## ...:Vorferðalag 10. bekkjar:...

Þriðjudaginn 21. maí fara nemendur úr 10. bekk í sitt árlega vorferðalag. Víða verður farið og margt gert m.a. í klettasig og litbolta-keppni. Nemendur koma aftur heim föstudaginn 24. maí.



## ...:Skólalok:...

**Þriðjudaginn 28. maí**  
**kl. 19:00** verða skólaslit  
Laugalandsskóla.



## ...:Mynddiskar til sölu:...

Að venju hefur skólinn tekið litlu jólin og árshátíð skólans upp á mynddisk. Á disknum má einnig finna upptöku af Dúkkulísu, leikriti leiklistavalsins. Stendur öllum til boða að kaupa hann.

Diskurinn kostar 1.500 kr. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Thelmu kennara í símanúmer skólans eða í tölvupósti: [thelma@laugaland.is](mailto:thelma@laugaland.is) vilji þeir fá eintak. Einnig verða diskarnir til sölu á skólaslitunum.



## ...: Nemendurnir sem yfirgefa okkur í vor :...



Á hverju hausti tökum við á móti nýjum nemendum sem stíga sín fyrstu skref í grunnskóla. Sömuleiðis kveðjum við eldri nemendur á hverju vori sem munu halda áfram göngu sinni eftir menntaveginum. Alltaf þykir okkur þetta jafn merkileg stund. Sumir hafa verið hjá okkur frá því í 1. bekk en aðrir hófu sína skólagöngu í öðrum skólum og komu síðar til okkar. Þeir



nemendur sem brátt ljúka nú námi hér við skólann eru þau: Baldur Steindórsson,



Gísella (Guðný Salvör) Hannesdóttir, Hákon Snær Hjaltested, Jakobína Ruth Ólafsdóttir, Kristinn Ásgeir Þorbergsson, Sigrún Högna Tómasdóttir og Þóra Björg Yngvadóttir.

Til gamans setjum við hér nokkrar myndir af þessum krökkum frá fyrri árum. Á efstu myndinni eru þau í 1. bekk ásamt Huldu Brynjólfssdóttur kennara. Baldur og Jakobína komu í skólann í 7. bekk og Sigrún Högna kom í 8. bekk. Neðsta myndin var tekin núna nýlega þar sem þau klæðast peysum sem þau fá frá skólanum í lok 10. bekkjar.



Það má með sanni segja að þessir nemendur hafi þroskast, eflst og orðið að vöskum einstaklingum sem eru góð viðbót við mannlífsflórana og það er með gleði í hjarta sem við skilum þeim frá okkur til frekara náms.

Við þökkum þessum nemendum kærlega fyrir samstarfið og óskum þess að þeim vegni vel í því sem þau munu taka sér fyrir hendur í framtíðinni!

